



Skýrsla stjórnar Myndstefs. Lögð fram af formanni á aðalfundi samtakanna 3. júní 2021

Myndstef eru félagasamtök og umsýslustofnun, og er tilgangur samtakanna að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu á þessu sviði.

Hlutverk Myndstef er m.a. að innheimta höfundaréttar- og fylgiréttagreiðslur og koma þeim til höfunda/rétthafa, að veita lögfræðilega ráðgjöf varðandi höfundarétt og gerð samninga, að standa fyrir kynningum og fræðslu, að hafa áhrif á þróun laga og annast samningagerð við opinbera aðila og einkaaðila, ásamt fleirum verkefnum.

Stjórn Myndstefs er samsett úr einum aðila tilnefndum af SÍM, einum aðila tilnefndum af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og einum aðila tilnefndum af Ljósmyndarafélaginu – ásamt tveimur óháðum aðilum tilnefndir af fulltrúaráði. Hvert aðildarfélag Myndstefs, sem eru 20 talsins, á sæti í fulltrúaráði.

Í maí s.l. voru skráðir félagsmenn Myndstefs **2.465** talsins, þar af höfðu 530 skilað umboði til samtakanna. 312 aðilar eru skráðir með einstaklingsaðild utan aðildarfélaga.

Við hvetjum aðildarfélög til þess að senda skrifstofu Myndstefs uppfærð félagatöl sín.

1. Styrkúthlutanir

Myndstef veitir ýmsa styrki árlega, en fjármagn sem fer í styrki kemur til vegna heildarsamninga, samningskvaðsamninga og greiðslna frá Fjölís og IHM, sem ekki er unnt að greiða út einstaklingsbundið til höfunda ásamt greiðslna vegna höfunda sem eru fallnir úr vernd, finnast ekki eða ekki er unnt að greiða út með öðrum hætti.

Í heildina úthlutaði Myndstef 15.100.000 kr í styrki árið 2020, þar af voru 14.700.000 kr greitt í styrki beint til myndhöfunda, sem skiptist milli verkefnastyrkja og ferða- og menntunarstyrkja.

Hvert ár ákveður stjórn Myndstefs heildarfjárhæð styrkja sem veittir eru beint til myndhöfunda í samráði við löggiltan endurskoðanda samtakanna. Árið 2020 ákvað stjórn Myndstefs að halda heildarfjárhæð ferða- og menntunarstyrkja í 2.250.000 kr eins og undanfarin ár, en að hækka heildarfjárhæð verkefnastyrkja úr 8.000.000 kr í 12.750.000 kr og veita þannig í heildina 15.000.000 kr í beina styrki til myndhöfunda, sem var 4.450.000 kr hækkun frá styrkveitingum á árinu 2019. Hækkunin var gerð í ljósi aðstæðna í heiminum sökum heimsfaraldursins og að fordæmi annarra styrktarsjóða sem höfðu verið hækkaðir á árinu. Hækkunin var gerð til eins árs og var ætluð til þess að styðja við bakið á myndhöfundum á þessum fordæmalausum og óljósum tímum.

Gátu myndhöfundar sótt um tvö mismunandi hámark verkefnastyrkja, annars vegar 200.000 kr og hins vegar 400.000 kr. Hámark ferða- og menntunarstyrkja var 150.000 kr. Úthlutunarnefnd var þó gefið það ákvörðunarvald að veita lægri styrki, en þó ekki hærrí.

Eftir að umsóknarferli styrkja til Myndstefs var gert rafrænt og með beinni tengingu við félagsmenn jókst fjöldi styrkumsókna töluvert og hefur fjöldinn haldist nokkuð jafn síðan þá, þó fækkaði umsóknum um ferða- og menntunarstyrki á árinu 2020 frá undanförunum árum og skýrist það að mestu leiti af áhrifum covid. Á árinu 2020 bárust 128 umsóknir um verkefnastyrk og hlutu 53 umsækjendur styrk. 41 umsókn barst um ferða- og menntunarstyrk, en hlutu 15 umsækjendur styrk. Tveir styrkþegar tilkynntu um að verkefnið yrði ekki framkvæmt eða ekki farið í ferð vegna covid og afþökkuðu því styrkinn. Í heildina voru því veittar 12.750.000 kr í verkefnastyrki og 1.950.000 kr í ferða- og menntunarstyrki. Hægt var að veita um 39% umsækjenda styrk að þessu sinni.

Ný úthlutunarnefnd var skipuð árið 2020, en hver nefnd er skipuð þremur aðilum frá mismunandi aðildarfélögum og situr hver nefnd í tvö ár. Sama nefnd mun því starfa einnig við styrkúthlutanir þessa árs.

Utan beinna styrkja til myndhöfunda var veittur áður umsaminn styrkur í ferða- og dvalarsjóðinn Mugg að upphæð 400.000 kr.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það af hálfu stjórnar Myndstefs hversu miklum fjármunum verði varið í styrkveitingar á þessu ári, en sú ákvörðunartaka er í höndum stjórnar Myndstefs í samráði við löggiltan endurskoðanda.

2. Samningamál

Ýmsir samningar hafa verið gerðir á árinu, margir hverjir vegna einstakra verkefna eða útgáfa en einnig svokallaðir samningakvaðasamningar eða heildarsamningar. Með því er átt við samninga vegna birtinga á fjölda verka sem ekki er hægt að sundurliða milli höfunda og greiða beint út til þeirra. Heimild Myndstefs er rituð í höfundalög nr. 73/1972 og lög um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019 sem er svo staðfest með viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þessir fjármunir renna í sjóð Myndstefs af frádregnum umsýslukostnaði.

Nokkrir samningskvaðasamningar voru undirritaðir á árinu 2020. Gerðir voru tveir safnasamningar, við Listasafn Árnesinga og Hafnarborg. Þessir samningar opnar á heimild til almennings og skóla að nota menningararf landsins til kennslu og fræðslu.

Einnig var gerður samningur við Menntamálastofnun vegna stafrænna birtingu verka á listavef stofnunarinnar og samningur við Gljúfrastein um stafræna birtingu af safnkosti.

Heildartekjur á árinu 2020 vegna samningskvaðasamninga voru 3.852.155 kr.

3. Kynningar og málþing

Eitt af mikilvægum hlutverkum Myndstefs er fræðsla, bæði fyrir höfunda og notenda hugverka. Á árinu 2020 héldu starfsmenn Myndstefs óvenju fáar kynningar vegna aðstæðna, bæði vegna covid áhrifa og vegna fæðingarorlofs Hörpu Fannar, lögfræðings (sem heldur fyrirlestra fyrir hönd Myndstefs).

Árið 2020 héldu starfsmenn Myndstefs þó kynningar á höfundarétti fyrir nemendur í ljósmyndanámi í Tækniskólanum og nemendur í hönnunardeild Listaháskóla Íslands.

Gert er ráð fyrir að kynningar á árinu 2021 verði talsvert fleiri, en nú þegar hafa nokkrar verið haldnar.

Minnt er á að aðildarfélög geta óskað eftir kynningu/fyrirlestri frá Myndstefs þeim að kostnaðarlausu.

4. Fylgiréttargjöld

Myndstefi – Myndhöfundasjóði Íslands er falið að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka og sölu listaverka á uppboðum í höfundalögum nr. 73/1972 (25. gr. b.) og reglugerð nr. 486/2001.

Á árinu 2020 námu innheimt fylgiréttargjöld tæplega 22 milljónum og voru rúmlega 11,5 milljónir greiddar til viðeigandi höfunda og rétthafa. Rúmlega 6 milljónir runnu til starfslaunasjóðs.

Almennt gengur innheimta fylgiréttargjalda ágætlega og flestir skila og greiða skv lögum og reglum, þó er ávallt töluverð vinna skrifstofu sem fer í innheimtu þess. Erfitt hefur reynst að sannreyna endursölu þeirra aðila sem vísitandi fara ekki eftir lögum og reglum og hafa kærur Myndstefs þess efnis ekki borið árangur hingað til.

Í ágúst árið 2019 var Myndstefi tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar á lögum um verslunaratvinnu nr. 28/1998, en í þeim lögum er m.a. fjallað um fylgiréttargjald og þá sérstaklega út frá „frjálsum uppboðum“ (5. kafli þeirra laga). Lengi hefur verið ljóst að misræmi er á milli þeirra laga og reglugerðar 486/2001 um fylgiréttargjald. Óskað var fyrst eftir greinagerð frá Myndstefi um yfirvofandi breytingar og sendu samtökin slíkt til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þann 15. ágúst 2019. Í nóvember árið 2020 áttu samtökin fund með Brynhildi Pálmarsdóttur, lögfræðingi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, vegna þessara breytinga og sendu frá sér formlegar athugasemdir til ráðuneytis í desember.

Breytingar á þessum lögum fela m.a. í sér breytingar á eftirfarandi;

- því hvort greint sé á milli fyrstu sölu og endursölu á uppboðum
- hvort greiða þurfi fylgiréttargjöld af endursölu verka eftir höfunda sem fallnir eru úr vernd
- lokuðum (frjálsum) uppboðum utan starfsstöðvar
- leyfisveitinga vegna listmunauppboða
- framkvæmd og eftirfylgni við vanefnd endursöluaðila á að skila skilagrein og greiðslu fylgiréttar til Myndstefs

Sumar þessara breytinga teljast til eðlilegrar þróunar og er samræming við höfundalög í öðrum Evrópulöndum, en aðrar eru gagnrýndar af samtökunum. Ljóst er að þessar breytingar eru núna langt komnar og verða líklega staðfestar á þessu ári af Alþingi. Nú er þrýstingur frá Myndstefi á Mennta- og menningarmálaráðuneyti á að breyta höfundalögum og/eða reglugerð um fylgirétt samhliða breytingum á lögum um verslunaratvinnu.

5. Höfundaréttargjöld

Höfundaréttartekjur Myndstefs utan samningskvaðasamninga, Fjólís og IHM koma til vegna beinnar innheimtu á höfundaréttargjöldum fyrir myndhöfunda, þá ýmist að beiðni höfundanna og/eða að beiðni notenda þegar Myndstef hefur umboð frá þeim höfundum verka sem nota á. Af þessum innheimtum gjöldum halda samtökin eftir 20% fyrir umsýslu, en 80% eru greidd til höfundanna eða erfingja þeirra.

Á árinu 2020 námu innheimt höfundaréttargjöld tæplega 5 milljónum og voru rúmlega 4,5 milljónir greiddar til viðeigandi höfunda og rétthafa.

6. Aðild Myndstefs að Fjölís og IHM

Myndstef á aðild að **Fjölís** og fulltrúa í stjórn. Rekstur Fjölís hefur gengið vel þar sem endurnýjaðir hafa verið flestir samningar. Heildartekjur Myndstef árið 2020 skv. úthlutunum frá Fjölís námu 23.211.279 kr. og eru horfur á að tekjur félagsins verði svipaðar á komandi árum. Rekstrarumfang Fjölís hefur dregist verulega saman á undanförunum árum með endurnýjun og endurgerð samninga og er nú sinnt af framkvæmdastjóra í hlutastarfi og skrifstofa félagsins hýst hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda.

Myndstef hefur einnig haft tekjur frá **IHM, Innheimtumiðstöð gjalda**, sem innheimtir höfundarréttarbætur fyrir sjónvarpsútsendingar annars vegar og hins vegar fyrir löglegri eintakagerð höfundaréttarvarða verka til einkanota. Myndstef á eitt sæti í stjórn IHM. Fjármunir sem koma frá IHM er ráðstafað að mestu í styrki, eftir frádrátt umsýslukostnaðar.

Árið 2016 samþykkti þáverandi Mennta- og menningarmálaráðherra hækkun á greiðslu úr ríkissjóði til IHM. Einnig átti sér stað talsverð breyting á hugsun bakvið fjárhæðina, en hún var ekki lengur beintengd sköttum og gjöldum af ákveðnum vörum (eins og tónum geisladiskum). Því var ljóst að nauðsynlegt væri að breyta fyrirkomulagi skiptingu greiðslu til aðildarféлага IHM.

Sú vinna var hafin fljótlega og m.a. var leitað til Norwaco (norsku systursamtök IHM). Bráðabirgðaútreikningur á skiptingu fjár var lagður fyrir stjórn IHM, en þar lækkaði hlutur Myndstefs verulega. Í kjölfarið tók við langur tími þar sem þetta var rætt ítarlega og oft, að lokum var þó ljóst að kröfur aðildarfélaganna voru of ólíkar og allar aðrar tillögur að skiptingu fjár voru felldar.

Þann 9. nóvember 2020 var samþykkt af fulltrúaráði IHM að fara formlega sáttarleið skv. samþykktum IHM. Fyrsta skrefið var að ráða óháðan sáttarmann og að endingu var fyrrverandi formaður hæstaréttar, Viðar Már Matthíasson, ráðinn í starfið. Lauk hann starfi sínu 27. mars 2021 með formlegri sáttartillögu, en henni var formlega hafnað á aðalfundi IHM 2. júní. Myndstef kaus með tillögunni, en skv henni hefði hlutur Myndstefs átt að hækka um 1,6% frá því sem áður var.

Því er núna ljóst að deilan fer fyrir gerðardóm, en vinna við það hefst líklega haustið 2021 og má vænta niðurstöðu árið 2022. Ljóst er að kostnaður Myndstefs við þetta verður einhver, en einnig getur niðurstaða dómsins verið afturvirk.

Tekjur frá IHM frá og með árinu 2016 hafa verið bráðabirgðaúthlutanir og miðast greiðslur við úrelta skiptingu milli aðildarféлага IHM. Tillaga fulltrúaráðs IHM árið 2016 um að bráðabirgðaúthluta 70% fjár IHM til aðildarféлага var háð því skilyrði að úthlutun verði leiðrétt með afturvirkum hætti við endanlega úthlutun.

Þegar leyst hefur verið úr deilum innan IHM þarf Myndstef og Félag leikmynda- og búningahöfunda líklegast að semja um greiðslur, þ.e. ákveða hvaða hlutfall tekna Myndstefs frá IHM muni greiðast til FLBH.

Samtals voru tekjur Myndstefs frá IHM 9.241.443 kr árið 2020 en vegna óvissu er ekki talið skynsamlegt að úthluta þeim öllum í formi styrkja. Það er gert með ráðum og vitneskju löggilts endurskoðanda samtakanna.

7. Stjórnsýsla og landslög

Starfsemi Myndstefs lútir ýmsum lögum, m.a. höfundalögum nr. 73/1972 og reglugerð nr. 486/2001. Þann 1. janúar 2020 tóku gildi ný lög sem fjalla sérstaklega um samtök eins og Myndstef. Lögin heita „Lög um sameiginlega umsýslu höfundaréttar“ og eru nr. 88/2019. Í þessum lögum er sérstaklega

fjallað um starfsemi og skyldur umsýslustofana sem hafa hlotið viðurkenningu ráðuneytis til þess að sinna því hlutverki, sem Myndstef hefur öðlast.

Eitt af hlutverkum Myndstefs er að hafa áhrif á þróun laga og hafa samtökin sinnt því með reglulegum fundum með ráðuneytum og með formlegum bréfum, greinagerðum og umsögnum. Þar að auki situr Harpa Fönn bæði í höfundaréttarráði og höfundaréttarnefnd hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, og getur Myndstef þannig haft bein áhrif á þróun laga og umræðu innan ráðuneytisins.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Eins og kom fram í kafla 4 um fylgiréttargjöld eru yfirvofandi breytingar á lögum um atvinnuverslun, sem snýr aðallega að innheimtu fylgiréttar, einheimtu hans og skilum, uppboðum og frjálsum uppboðum, endursölu og verndartíma höfundaréttinda.

Myndstef átti fund með Brynhildi Pálmarsdóttur, lögfræðingi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í nóvember 2020 og sendu frá sér formlegar athugasemdir til ráðuneytis í desember.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Ýmsar breytingar á höfundalögum og reglugerð má vænta, breytingarnar koma til vegna tilskipanna Evrópusambandsins, að frumkvæði ráðuneytis eða vegna ákalls Myndstefs á þeim.

Í mars árið 2020 veitti Myndstef umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á höfundalögum er varðar byggingarlist, þar sem flestar breytingarnar voru gagnrýndar og hvatti Myndstef til þess að breytingarnar yrðu ekki færðar í lög óbreyttar.

Í desember árið 2020 átti Myndstef fund með Rán Tryggvadóttur, lögfræðingi og sérfræðingi í höfundarétti hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vegna ákalls Myndstefs um breytingar á höfundalögum og/eða reglugerð vegna væntanlegra breytinga á lögum um verslunaratvinnu. Greinagerð um fylgiréttargjöld var síðan rituð og send Rán ásamt fylgigögnum (árið 2021).

8. Samstarf við erlend höfundaréttarsamtök

Samstarf hefur verið milli Myndstefs og VISDA (áður CopyDan), BUS, Kuvasto og BONO, þ.e. systursamtaka Myndstefs á Norðurlöndunum. Samstarfið fellst aðallega í því að fulltrúar frá þessum samtökum hittast reglulega, upplýsa það sem er efst á baugi í höfundarétti í hverju landanna fyrir sig og bera að öðru leiti saman bækur sínar. Að auki innheimta félögin greiðslur til handa félagsmönnum allra samtakanna.

Einnig er Myndstef meðlimur í EVA (European Visual Artists), en það eru samtök 28 höfundaréttarsamtaka sjónlistamanna í Evrópu sem beita sér fyrir því að sjónlist sé notuð með löglegum hætti og ekki brotið á höfundarétti listamanna. Einnig hafa samtökin áhrif á breytingar á höfundarétti í tilskipunum Evrópusambandsins.

9. Skrifstofa Myndstefs og starfsmannahald

Aðalheiður Dögg, framkvæmdastjóri, og Harpa Fönn, lögfræðingur, eru einu starfsmennirnir á skrifstofu Myndstefs og starfa þær báðar í hlutastörfum. Einnig fær formaður greitt mánaðarlega fyrir störf sín fyrir samtökin.

Í byrjun janúar varð Aðalheiður fyrir því óhappi að fótbrotta sig nokkuð illa á skrifstofunni (í útgangi húsnæðis). Í kjölfarið þurfti hún að fara í aðgerð og síðar endurhæfingu með sjúkráþjálfara. Fyrst um sinn var hún alfarið frá vinnu en hóf svo störf aftur hægt og rólega, en var þá aðallega að vinna að heiman.

Í lok apríl fór Harpa Fönn í veikindaleyfi og stuttu síðar í fæðingarorlof, en hún kom aftur til starfa þann 1. desember. Í orlofi sínu sinnti Harpa Fönn þó einstaka verkefnum, m.a. vegna IHM. Í fjarveru Hörpu Fannar var lögfræðingurinn Anna Finnbogadóttir ráðin til verktakavinnu og sinnti hún brýnustu málum og erindum sem bárust samtökunum. Anna hafði áður sinnt sömu verkefnum í fjarveru Hörpu Fannar.

Í byrjun árs 2020 deildi Myndstef skrifstofu húsnæði með Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (áður: Hönnunarmiðstöð) og Arkitektafélagi Íslands í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17. Það húsnæði var ávallt hugsað sem tímabundin staðsetning á meðan langtímahúsnæði yrði fundið. Fljótlega kom í ljós að loftgæði og aðrar aðstæður í húsnæðinu væru ekki ákjósanlegar fyrir starfsmenn, þrátt fyrir að ýmsar ráðstafanir hafi verið gerðar. Á sama tíma kom covid til landsins og unnu starfsmenn mikið að heiman. Samið var við leigusala um að engin leiga yrði greidd en öll félögin fengu þó að geyma eignir sínar í húsnæðinu á meðan annað yrði fundið.

Í október var nýtt húsnæði fundið og undirritaður leigusamningur þann 19. október. Á sama tíma var leigugeymsla sem samtökin höfðu haft á leigu í rúmlega ár sagt upp. Skrifstofan samtakanna er nú staðsett á Skólavörðustíg 12 og deilir hæð með öðrum smærri fyrirtækjum og einyrkjum sem eru í mismunandi rekstri.

Vonast er til þess og gert er ráð fyrir því að núverandi húsnæði sé langtímahúsnæði.

10. Lokaorð

Ljóst er að covid hefur haft áhrif á starfsemi Myndstefs og innheimt gjöld, en einna helst þó á starfandi myndhöfunda, sem hafa misst verkefni, ekki komist erlendis til sýninga, náms eða annars og þar af leiðandi hafa tekjumöguleikar margra minnkað á þessum tíma.

Myndstef hefur verið varkárt með fjármuni sína, sérstaklega í ljósi langvarandi óvissu um IHM tekjur, en þrátt fyrir hana þykir fjárhagsstaða Myndstef ágæt og varasjóður samtakanna góður. Því sjá samtökin fyrir sér að geta haldið áfram að geta styrkt og stutt við myndhöfunda, m.a. með góðum styrkjum.

Vitundavakning höfunda og notenda um höfundarétt hefur aukist og telur Myndstef það mikið fagnaðarerindi. Á árinu bárust samtökunum yfir 40 mál þar sem skrifstofan aðstoðaði höfunda beint við réttindavörslu sína og beiðnir um aðstoð við leyfisveitingu og samninga. Að auki bárust samtökunum fjöldinn allur af fyrirspurnum og beiðnir um upplýsingar. Félagsmenn voru einnig duglegir að nýta sér ókeypis lögfræðiráðgjöf samtakanna. Helst mátti bera á málum vegna upplýsingaleysis til höfunda um hvar verkin þeirra eru niðurkomin, útilistaverk sem eru látin grotna niður, óheimil endurgerð og aðlaganir verka, óheimilar breytingar á verkum, brot á sæmdarrétti höfunda, óheimil notkun á heimasíðum og útgáfum og sí-algengara er óheimil notkun eða endurgerð á ýmis konar hönnun.

Samtökin leggja nú áherslu á kynningar og fræðslu á höfundarétti fyrir höfunda og notendur, sérstakleg á mikilvægi þess að gera samninga, en einnig áframhaldandi samskipti og áhrif á stjórnsýsluna og ráðuneytin, m.a. varðandi þróun laga og stefnur.

Ragnar Th Sigurðsson, stjórnarformaður Myndstefs